

Frá : Guðbrandur Sigurðsson
Heiti : Brynja leigufélag - upplýsingar um uppbyggingu eignasafnsins og stöðu stofnframlaga.
dags : 1.3.2023 17

Sæl Fjola:

Við fengum úthlutað sjö stofnframlögum á síðasta ári vegna uppbyggingar á eignasafni Brynju í Árborg.

Upphaflega hugmyndin var sú að við myndum ráðast í smíði á raðhúsallengju svipað og við höfum gert á nokkrum öðrum stöðum í gegnum árin. Breytingar á fasteignamarkaði undanfarið urðu þó til þess að við breyttum þeirri ákvörðun og leggjum frekar áherslu á kaupum á alveg nýjum íbúðum eða næstu því nýjum. Þannig keyptum við eina nýja íbúð við Heiðarstekk og aðra bara ársgamla við Álalæk.

Við stefnum á þessu ári að bæta við þremur íbúðum við eignasafnið og erum í rauninni að ganga frá kaupum í dag frá einni 2ja herbergja íbúð við Álalæk og erum að velta fyrir okkur 4ra herbergja litlu raðhúsi sem var byggt 2019.

HMS er að opna fyrir umsóknir um stofnframlög núna í mars og við munum sækja um samtals 76 stofnframlög á þeim svæðum þar sem eru með plön um stækkun. Eina svæðið sem við sækjum ekki um er Árborg.

Meðfylgjandi er stutt kynning á Brynju og upplýsingar um eignasafnið í Árborg og áætlanir okkar um uppbyggingu sem byggja á því að bæta við 3 íbúðum að meðaltali á ári.

Ekki hika við hafa samband ef þú vilt frekari upplýsingar og við erum auðvitað alltaf reiðubúin að hitta ykkur og ræða málin.

Góð kveðja,

Guðbrandur Sigurðsson
Framkvæmdastjóri



Hátúni 10C, 105 Reykjavík
www.brynjahus.is